

Dýraverndarsamband Íslands  
Grensásvegi 12a  
[dyravernd@dyravernd.is](mailto:dyravernd@dyravernd.is)  
sími: 552 3044

Reykjavík, 8. september 2015

### Viðbót við umsögn um reglugerð um velferð gæludýra

Við nánari eftirgrennslan varðandi búrastærðir fyrir smádýr og fugla viljum við bæta eftirfarandi við umsögn okkar um reglugerð um velferð gæludýra, dagsett 15. maí 2014.

Til að tryggja velferð dýra þurfa búrastærðir samkvæmt reglugerðum á Norðurlöndum að minnsta kosti að vera eftirfarandi til að uppfylla lágmarksþarfir dýranna sem fylgja hér fyrir neðan, eftir þyngd/stærð dýra.

Einnig teljum við mikilvægt að í 1. málsgrein 30 gr. um velferð kanína og nagdýra verði tekið fram að þau skuli njóta félagsskapar sinnar tegundar, fyrir utan gullhamstra. Þetta er í samræmi við norrænar reglugerðir.

### 3. Lágmarksstærðir í vistarverum kanína

#### 3.1 Rými

Þyngd	Lágmarksgólf-flötur búrs (m <sup>2</sup> )	Lágmarksgólf-flötur á dýr (m <sup>2</sup> )	Lágmarksgólf-flötur á kanínu með unga (m <sup>2</sup> )	Lágmarkshæð búrs (m)
< 2,0	0,5	0,3	0,7	0,5
> 2-3,5	0,7	0,35	0,8	0,6
> 3,5-4,5	0,8	0,4	0,9	0,8
> 4,5-6,0	0,9	0,45	1,0	0,8
> 6,0	1,0	0,5	1,2	0,9

### 3.2 Hreiðurkassi fyrir kanínu með unga

Þyngd kanínu	Lengd (cm)	Breidd	Hæð
< 2,0	35	30	30
> 2-3,5	35	30	35
> 3,5-4,5	40	30	35
> 4,5-6,0	45	35	40
> 6,0	50	40	40

### 4. Lágmarksstærðir í vistarverum nagdýra

Fyrir utan breyttar búrstærðir leggjum við til að bætt verði við tegundum í samræmi við þau nagdýr sem leyft er að halda hérlendis.

Taka þarf fram að styttri hlið búranna skal ná sömu lágmarkum og hæðin fyrir nagdýr.

#### 4.1 Búrstærð

Tegund	Lágmarksgólf-flötur búrs (m <sup>2</sup> )	Lágmarksgólf-flötur á dýr (m <sup>2</sup> )	Lágmarksgólf-flötur á dýr með unga (m <sup>2</sup> )	Lágmarkshæð búrs (m)
Mýs	0,09	0,018	0,0275	0,2
Stökkmýs	0,12	0,06	0,15	0,2
Rottur	0,18	0,06	0,08	0,3
Gullhamstrar	0,12	0,06	0,15	0,2
Dverghamstrar	0,09	0,045	0,045	0,2
Degu	0,3	0,15	0,2	0,4
Naggrísir	0,3	0,15	0,25	0,25

#### 4.2 Hreiðurkassar fyrir dýr með unga

Þyngd kanínu	Lengd (cm)	Breidd (cm)	Hæð (cm)
Gullhamstrar	15	15	10
Dverghamstrar	14	11	10
Degu	20	15	13

## 5.0 Lágmarksstærðir í vistarverum fugla

### 5.1 Búrastærð

Varanleg innibúr	Stærð fugls cm mælt frá goggi til stéls*	Lágmarks gólfhlötur (m <sup>2</sup> )	Fjöldi fugla	Lágmarks hæð (m <sup>2</sup> )	Viðbótar gólfhlötur f. hvern auka fugl (m <sup>2</sup> )
1	< 16	0,31	1	60	0,05
2	16-20	0,31	1	60	0,08
3	21-25	0,45	1	60	0,08
4	26-35	0,84	1	80	0,25
5	36-45	1,44	1	100	0,6
6	46-55	2,2	1	120	1,0
7	56-65	3,12	1	150	1,2
8	66-75	4,2	1	180	1,5
9	>75	6,5	1	180	1,8

Við biðjumst velvirðingar á því að hafa ekki komið þessum athugasemdum á framfæri fyrr en vonum samt sem áður að þær verði teknar til greina vegna mikilvægi þeirra.

Virðingarfyllt,

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands